



Formannafundur

1. formannafundur HSV starfsárið 2015-2016, miðvikudaginn 25. nóvember 2015 kl 20 á skrifstofu HSV.

Mættir eru: Gísli Jón Hjaltason BÍ88, Sigurður Hreinsson Skelli, Kristinn Kristjánsson GÍ, Einar Yngvason SFÍ, Marinó Hákonarson Hendingu, Arnþór Jónsson Ívari, Ingibjörg Óladóttir Víkingi, Guðmundur Valdimarsson Skotís, Guðný Stefanía Stefánsdóttir HSV og Sigríður Lára Gunnlaugsdóttir sem ritaði fundargerð Svava Rán Valgeirsdóttir Stefni boðaði forföll.

Dagskrá fundar:

1. Skil á starfskýrslum
2. Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði 10.-12. júní 2016, kynning
3. 49. Sambandsþing UMFÍ haldið 17.-18. október, kynning
4. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar
5. Verkefnasamnings HSV við Ísafjarðarbæ
6. Vallarhúsið – lyftingaraðstaða/félagsaðstaða
7. Önnur mál

Dagskrá fundar:

Guðný formaður býður fundarmenn velkomna og biðst afsökunar á hversu seint fyrsti formannafundur þessa starfsárs er.

1. Skil á starfskýrslum

Skil á starfskýrslum frá aðildarfélagögum HSV hafa verið mjög misjöfn og hjá nokkrum félögum afar slök. Kynnt er fyrir formönnum að stjórn HSV samþykkti á síðasta fundi sínum þann 11.11.15 að unnið verði að lagabreytingu fyrir næsta héraðsþing. Þannig að í 5. grein verði kveðið á um að félög skil starfskýrslu, samþykktum ársreikningum og fundargerð aðalfundar til HSV. Er það gert til að auka pressu á aðildarfélög um að halda aðalfundi og sinna lögboðnum skildum félaga.

2. Landsmót UMFÍ 50+ á Ísafirði 10.-12. júní 2016, kynning.

Formaður og framkvæmdastjóri HSV kynna stöðu undirbúnings fyrir landsmót UMFÍ 50+.

3. 49. sambandsþing UMFÍ haldið 17.-18. október, kynning

Guðný Stefanía formaður kynnr helstu mál sem fjallað var um á 49. sambandsþingi UMFÍ sem haldið var 17. - 18. október í Vík í Mýrdal. Stærsta málið þar var umsókn Íþróttabandalaganna inn í UMFÍ.

4. Samstarfssamningur HSV og Ísafjarðarbæjar.

Nú stendur yfir endurnýjun á samstarfssamningi HSV við Ísafjarðarbæ. Samþykkt var tillaga að samningi á fundi íþrótt- og tómsfundar þann 6. nóvember þar sem helstu breytingar voru að hækka framlag til íþróttaskóla um milljón og framlag í afreksjóð um milljón á ári. Rekstrarstyrkur er ekki hækkaður og ekki styrkur í þjálfarasjóð. Einnig var í þeirri tillögu að fjölga leiguíbúðum til íþróttafélaga úr fjórum



Formannafundur

í sex. Á fundi bæjarráðs þann 17. nóvember var tillagan samþykkt með breytingartillögu þar sem fjöldi íbúða er 5 og einnig var skerpt á jafnréttiskafla samningsins. Nú á bæjarstjórn eftir að taka seinni umræðu um fjárhagsáætlun og að henni lokinni verður skrifað undir samninga.

5. Verkefnasamnings HSV við Ísafjarðarbæ

Verkefnasamningur er í sama ferli og samstarfssamningur. Samþykkt var tillaga að verkefnasamningi á fundi íþrótt- og tómstundanefndar þann 6. nóvember. Samningurinn sjálfur er óbreyttur að öðru leiti en því að hann verður nú vísitölutengdur. Skilgreining verkefna tekur smávægilegum breytingum. Big Jump mót á skíðaviku dettur út en í staðinn er sett inn fjallaskíðamót. Þríf á frístundamiðstöð fer einnig út en í staðinn koma vorþríf á Eyrinni. Stefnt er að því að gera samninga við félögin í janúar og síðan verði skýrslugerð samræmd á ákveðnu formi.

6. Vallarhúsið – lyftingaraðstaða/félagsaðstaða

Enn liggja fyrir íþrótt- og tómstundanefnd erindi frá tveimur aðildarfélögum um að fá til afnota og umsjónar efri hæðina í Vallarhúsinu. Annarsvegar BÍ88 fyrir félagsaðstöðu og hinsvegar Kraftlyftingafélagið fyrir lyftingaraðstöðu. Nefndin hefur ekki tekið afstöðu til umsóknanna og óskar eftir áliti formannafundar HSV. Marinó spyr hver sé afstaða stjórnar. Framkvæmdastjóri lýsir vilja stjórnar til að koma upp félagsaðstöðu í þessu húsnæði sem nýtast myndi öllum aðildarfélögum HSV. Formaður segir einnig frá að húsnæðið sé ekki innan reglugerða um notkun íþróttamannvirkja. Fram fara líflegar umræður um húsnæðið og nýtingu þess. Aðilar eru sammála um að heppilegast væri að félagsaðstaða væri í þessu húsnæði en áfram sé þörf fyrir lyftingaaðstöðu. Nauðsynlegt er að setja pressu á Ísafjarðarbæ til að koma hreyfingu á málið og knýja fram lausn. Ólíðandi er að allur þessi tími sé liðinn án þess að afstaða hafi verið tekin til þessara beiðna íþróttafélaganna. Samþykkt er að ítreka samþykkt frá formannafundi síðan 18. mars síðastliðinn:

Vallarhúsið – nýting, Rætt um beiðnir Kraftlyftingafélagsins og BÍ um að fá aðstöðu í Vallarhúsinu. Fundarmenn samþykkir því Vallarhúsið verði nýtt sem félagsaðstaða íþróttafélaganna geng því að lyftingaraðstöðu og æfingaraðstöðu Víkings verði fundinn nýr staður.

7. Önnur mál

a) Arnþór ræðir ferðakostnað, veltir upp þeirri spurningu hvort hægt sé að vera með meiri samvinnu í skipulagi keppnisferða til að lækka kostnað félaganna og iðkendanna. Guðný fagnar erindinu og telur að þessi umræða hafi nokkuð oft komið upp. Víða út um land hafa fyrirtæki gefið íþróttafélögum rútur og bíla sem hefur lækkað ferðakostnað verulega. Það er nokkuð rætt um þetta mál í sameiningarviðræðum nýja félagsins Vestra. Fundarmenn hvetja HSV til að finna leið til að miðla upplýsingum um ferðalög milli félaga til dæmis með viðburðardagatali.